

15. júní 1973.

417

Nr. 211.

GJALDSKRÁ fyrir Reykjavíkflugvöll.

1. gr.

Lendingargjöld.

Lendingargjöld skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.

A. Innanlandsflug:

Fyrir landingar á flugvælinum skal greiða kr. 22.00 fyrir hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 11.00 fyrir hvert tonn umfram 20. Minnsta gjald er kr. 36.00.

B. Millilandaflug:

Í millilandaflugi skal fyrir hverja landingu greiða lendingargjöld sem hér segir: kr. 319.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.

— 264.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.

— 232.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.

— 219.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. gr.

Flugskýlisleigur.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 165.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 23.00 á fermetra á mánuði, en kr. 225.00 á fermetra á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur. Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins, reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

A. Innanlandsflug:

Vænghaf flugvélar		Leiga á sólarhring	Leiga á mán.
undir 12	m	kr. 45.00	kr. 450.00
12—15	—	— 113.00	— 900.00
15—18	—	— 180.00	— 1 350.00
18—21	—	— 248.00	— 1 800.00
21—24	—	— 315.00	— 2 250.00
24—27	—	— 360.00	— 2 700.00
27—30	—	— 405.00	— 3 150.00
yfir 30	—	— 450.00	— 4 500.00

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Flugskýlisleiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 160.00
12—15 —	— 396.00
15—18 —	— 633.00
18—21 —	— 872.00
21—24 —	— 1 111.00
24—27 —	— 1 270.00
27—30 —	— 1 428.00
yfir 30 —	— 1 587.00

3. gr.**Stæðis- og festargjöld.**

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld, sem hér segir:

A. Innanlandsflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 36.00
12—18 —	— 72.00
18—24 —	— 108.00
24—30 m	— 144.00
yfir 30 —	— 162.00

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 100.00
12—18 —	— 200.00
18—24 —	— 291.00
24—30 —	— 391.00
yfir 30 —	— 437.00

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er.

4. gr.**Leiga fyrir skemmur og bragga.**

Mánaðarleiga kr. 7.90 fyrir fermetra af gólfleti eða sem hér segir:	
Stór vöruskemma 300 m ²	kr. 2 250.00
Stórir braggar 110 m ²	— 855.00
Venjulegir braggar 55 m ²	— 430.00

5. gr.**Lóðaleigur.**

Ársleiga kr. 9.00—32.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

6. gr.**Þjónustu- og aðstoðargjald.**

Greiða skal þjónustu- og aðstoðargjald af erlendum flugvélum, er um flugvöllinn fara, öðrum en þeim, sem afgreiddar eru af Flugfélagi Íslands hf. Miðast

gjaldið við mesta leyfðan flugtaksþunga flugvélanna og er kr. 366.00 fyrir hvert tonn.

Minnsta gjald er kr. 366.00.

7. gr.

Gjald af flugvélabenzíni í innanlandsflugi.

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvelliðnum eða frá honum til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugvelliðnum gjald sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.324
Á hvert U.S. Gallon	— 1.224

8. gr.

Gjöld af sjóflugvélum.

Sjóflugvélar er lenda á Skerjafirði skulu greiða sambærileg gjöld og landflugvélar á flugvelliðnum.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Reykjavíkurflygvöll, nr. 105 16. júní 1971.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Vestur-Húnavatnssýslu, en það nær yfir Vestur-Húnavatnssýslu, að undanskildum Staðarhreppi.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 10, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Vestur-Húnavatnssýslu, sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu og samtaka vinnuveitenda á svæðinu.

3. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Vestur-Húnavatnssýslu viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 10, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangeindu marki er náð.